

Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

3. fundur stjórnar 2022-2023, þriðjudaginn 30. ágúst 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eypórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Engilbert Sigurðsson og Ólafur Páll Jónsson boðuðu forföll.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.00.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 2. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
2. BHM – fréttir.
3. Fundur með rektor HÍ.
4. Bréf til FPR vegna dómsmáls.
5. Bréf til FPR vegna siðanefndar.
6. Skjalamál/rafræn samskipti/fundatímar.
7. Önnur mál.
 - a) Norræni fundurinn á Íslandi 2023.

1. Fundargerð 2. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 2. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

2. BHM – fréttir

Formaður FPR greindi frá því að öll aðildarfélög BHM hafi samþykkt að fela Friðriki Jónssyni formanni BHM viðuræðumboð í komandi kjaraviðræðum ásamt fulltrúum viðuræðunefndar BHM. Formaður FPR verður fulltrúi félagsins í samninganefnd BHM. Í samninganefnd félagsins verða þau Pétur Henry, Hólmfríður og Þóroddur auk þess sem rætt var um að fá utanaðkomandi aðila í samningnefndina.

3. Fundur með rektor HÍ

Formaður átti fund með rektor Háskóla Íslands og framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu í sl. viku m.a. til þess að ræða húsnæðismál skólans. Vegna þessa máls óskuðu fulltrúar Háskóla Íslands eftir frekari gögnum um reynsluna af opnum skrifstofurýmum.

4. Bréf til FPR vegna dómsmáls

Stjórn félagsins barst fyrir í sumar beiðni frá félagsmanni um stuðning vegna málareksturs fyrir dómstólum. Eftir ítarlega umfjöllun stjórnar, m.a. um fordæmisgildi og fjárhagslegt bolmagn var ákveðið að leita eftir frekari upplýsingum um málið.

5. Bréf til FPR vegna siðanefndar

Stjórn félagsins barst fyrirspurn frá félagsmanni um stuðning vegna kæru til siðanefndar Háskóla Íslands. Ítarlegar umræður sköpuðust vegna þessarar kæru og vakti stjórn til umhugsunar um fordæmisgildi og þá hættu sem steðjað gæti að akademísku frelsi. Stjórnin mun fylgjast áfram með málinu.

6. Skjalamál/rafræn samskipti/fundartímar

Ákveðið var að öll skjöl verði framvegis á Teams en samskipti með tölvupóstum. Rætt var að efnisleg umræða ætti best heima á fundum. Fundartímar verða á þriðjudögum, ýmist kl. 12.00 eða kl. 15.00.

7. Önnur mál

- a) Norræni fundurinn verður á Íslandi 12.-14. júní 2023. Stjórnin hefur samþykkt að fundurinn verði haldinn á Hótel Örk í Hveragerði.
- b) Rætt var um nýliðunarvanda. Mál með Félagi háskólakennara.
- c) Skrifstofa félagsins flytur upp á þriðju hæð Hótel Sögu fljótlega.
- d) Stjórnin ræddi bréf framkvæmdastjóra félagsins sem hefur sagt upp starfi sínu frá og með 1. september og mun láta af stöfum 1. desember nk.
- e) Þar sem ágreiningur hefur komið upp við Háskólann á Akureyri um túlkun samkomulags um tilfærslu starfspátta verður óskað eftir fundi með samráðsnefnd HA og FPR.
- f) Framkvæmdastjóri vakti athygli á árshátíð Háskóla Íslands sem verður haldin 23. september nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10.